



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð

Föstudaginn 3. júní 2011 fóru fulltrúar Landgræðslu ríkisins, sveitastjórnar og BSSP í gróðurskoðunarferð um Mellönd og mólendi á Austurfjöllum. Veðurskilyrði voru góð, bjart og hiti um 6 stig. Gróður er að koma til eftir langstætt hret sem gerði eftir miðjan maí. Melurinn hefur látið á sjá í hretinu, en er að jafna sig og sandtaðan er að koma til, sérstaklega á ábornu svæðunum. Viðurinn á mólendinu er byrjaður að þrútna.

Nefndarmenn eru sammála um að sleppa megi um 25% af fénu í Mellöndin frá og með föstudeginum 10. júní, en ef verulegur mývargur kviknar næstu daga þá megi fara á miðvikudeginum 8. júní, að höfðu samráði við undirritað skoðunarfólk. Síðan megi fara með 45 % upp úr 16. júní og þá restinni af fénu með hóflegum hætti.

Ekki er talin þörf á annari skoðunarferð nema verulega kólni í veðri frá því sem nú er.

Bjarni Maronsson
Daði Lange Friðriksson
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Birgir Hauksson
Böðvar P.
María Svanprúður

Bjarni Maronsson
Daði Lange Friðriksson
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Birgir Hauksson
Böðvar Pétursson
Halldór Árnason
María Svanprúður Jónsdóttir